

Fundargerð Deltafundar sem haldinn var á veitingastaðnum Grjótinu á Akranesi

Fimmtudaginn 24. Mars 2022 kl 17:30

Mættar voru: Ruth, Ásta, Sóley, Gulla, Jónína Erna, Halldóra, Elsa, Inga Dóra, Gunnhildur, Sigrún, Sjöfn og Jenna.

1. Jónína Erna formaður setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Halldóra var með orð til umhugsunar og fjallaði um vináttuna. Hún talaði m.a. um hvað vináttan er stór þáttur í félaginu okkar og hvað henni finnst ómetanlega dýrmætt að hafa eignast góðar vinkonur í Delta. Einnig las hún upp falleg ljóð um vináttuna eftir Vilborgu Davíðsdóttur skáldkonu sem lést á síðasta ári, en hún var einmitt félagi í Gamma-deild.

3. Inntaka nýrra félaga. Gunnhildur Björnsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir voru teknar inn í Delta-deild og framkvæmdur Elsa, Halldóra og Jónína Erna inntökuathöfnina sem var hátíðleg og gott líka fyrir okkur allar að rifja upp táknið okkar og markmiðin, en nokkuð er síðan að teknir voru inn nýjar konur. Nýju félagarnir eru frábær viðbót í félagið og bjóðum við þær enn og aftur innilega velkomnar.
3. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
Við fengum góða gesti í heimsókn fyrst tók til máls **Vera Knútsdóttir** heimsmarkmiðasérfræðingur (eins og hún titlar sig í símaskrá) en hún kynnti fyrir okkur heimsmarkmiðin sem eru 17 talsins og hversu frábær þau í rauninni eru og hversu margt í þeim er sjálfsagt að samþætta inn í líf okkar og þeirra stofnanna sem við vinnum í. T.d. ræddi hún orðið/hugtakið Sjálfbærni, en það felur í sér mjög margt. Ekki bara að endurvinnna-heldur kannski miklu frekar að kaupa minna/nota minna og nýta hluti betur. **Anney Ágústsdóttir** leikskólastjóri í Akraseli fræddi okkur um starfið í leikskólanum en hann er eini leikskólinn á landinu sem er svokallaður Unesco- skóli og vinnur markvisst með heimsmarkmiðin. Anney t.d. kom inn á að öll sköpun hjá börnunum byggðist á að endurnýta og vinna efni t.d. í föndri og við gerð gjafa—einnig eru þau mjög öflug að jarðgera og skoða hversu mikill úrgangur fer frá þeim í formi matarafganga og rusls.
Sköpuðust mjög fjörlegar umræður og greinilega mikill áhugi á málinu og svöruðu þær stöllur ýmsum spurningum. Hér er svo slóð þar sem nálgast má alls kyns efni:
<https://www.un.is/skolavefur/verdur-heimurinn-betri/>
<https://www.heimsmarkmidin.is/>
Til gamans má geta þess að Fjölbrotarskóli Vesturlands er einnig Unesco skóli.
4. Jónína Erna fór yfir síðustu fundargerðir í fjarveru ritara, gaman að líta yfir veturinn, því þrátt fyrir veður og covid þá höfum við náð að hafa fjóra fundi hingað til og gert svo margt skemmtilegt og uppbyggilegt.
5. Fundi slitið en áður var minnt á Vorráðstefnuna sem verður haldin 7. maí á Grand Hótelinu. Einnig er verið að skoða að halda aðalfundinn okkar 12. maí-það er þó ekki alveg ákveðið, nánar síðar. Hapdrættið var undir borðum en við fengum dýrindis asískt hlaðborð á Grjótinu og nýju félagarnir voru í aðalhlutverki í hapdrættinu, Inga Dóra dró út númer sem Gunnhildur átti og fékk hún góðan vinning. Veðrið lék við okkur og héldu konur heim í blíðu.